

Húsavík, 30.12.2014.

Erindi: Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað.

Í samræmi við Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, m.a. XI. kafla og Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. 920/2006, skilar Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík (Framsýn - stéttarfélag) kt. 680269-7349, Garðarsbraut 26, 640 Húsavíkur, eftirfarandi áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað.

Að starfinu hafa komið allir starfsmenn Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík, m.a. með sameiginlegum fundum um vinnuumhverfis og öryggismál haustið 2012, 2013 og 2014, yfirferð yfir vinnuumhverfisvísa Vinnueftirlits ríkisins fyrir skrifstofur og samstarfi við starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins á svæðinu.

Um er að ræða vinnustað þar sem starfa að jafnaði 6 starfsmenn í 5,2 stöðugildum. Starfsemin fellst í rekstri þjónustuskrifstofu fyrir stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum, Framsýn - stéttarfélag, Þingið - stéttarfélag iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum og Starfsmannafélag Húsavíkur. Helstu verkefni eru almennur skrifstofurekstur, félagsstarfsemi og samstarf við tengda aðila. Vinnustaður starfsmanna er að jafnaði í skrifstofunni að Garðarsbraut 26 Húsavík. Hluti starfsins fer fram á öðrum stöðum á félagssvæðinu eða utan þess, t.d. á vinnustöðum félagsmanna, samstarfsaðilum eða orlofshúsum/íbúðum félagsins.

Hjálagt er „Gátlisti til að kanna vinnuumhverfið“, frá Vinnueftirliti ríkisins. Niðurstaða starfsmanna er að vinnuumhverfi sé gott. Ekki eru fyrirliggjandi neinar ábendingar/beiðnir starfsmanna varðandi úrbætur sem varða vinnuumhverfi og því er ekki metin þörf fyrir sérstaka tímasetta aðgerðaráætlun.

Starfsmenn eru sammála um að eftirfarandi þáttum í vinnuumhverfi, heilbrigði starfsmanna og skipulagi vinnuverndarstarfs eigi að gefa sérstakan gaum. Mat starfsmanna er að þessum þáttum fylgi mest áhætta varðandi andlega og/eða líkamlega heilsu starfsfólks:

-Ferðalög í bíl, almenningssamgöngum, flugi eða gangandi.

Mikilvægt: Starfsmenn velja sér eins örugga ferðatilhögun og möguleg er og hætta við eða fresta ferðum ef meiri áhætta fylgir ferðunum.

-Samskipti við þjónustuþega eða aðra, sem eru óganandi eða á annan hátt í ójafnvægi.

Mikilvægt: Starfsmenn hugi að ytra öryggi og eigin líðan við ögrandi aðstæður og samskipti við þjónustuþega og aðra aðila. Komi upp tilvik sem hafa áhrif á starfsmenn eða mögulega gætu haft áhrif (líkamleg eða andleg), skulu þeir án undantekninga rædd við yfirmann og/eða á fundum með samstarfsfólki.

-Andlegt (m.a. einelti) og kynferðislegt ofbeldi á vinnustaðnum.

Mikilvægt: Eiga virkar samræður um áhættuþætti andlegs og kynferðislegs ofbeldis á vinnustað, heimilum og víðar. Taka upp við yfirmann (varaformann Framsýnar í forföllum hans) og/eða samstarfsfólk neikvæða upplifun í þessu efni. Komi upp mál sem þarfnast frekari skoðunar skulu þau umsvifalaust tilkynnt yfirmanni og varði þau hann, skal leita beint til Fulltrúaráðs stéttarfélaganna (varaformaður Framsýnar, formenn Þingiðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur, stjórn skrifstofunnar).

-Erting af efnunum sem notuð eru við ræstingar, eldhús, prentara og ljósritunarvél.

Mikilvægt: Starfsmenn leitast við að velja efni sem best þykja hverju sinni fyrir heilsu starfsmanna, kynni sér notkunarreglur og fylgi þeim. Tilheyrandi hlífðarbúnaður skal ávallt notaður. Prentarar færðir af borðum starfsmanna.

-Hitastig og birta í skrifstofum í austurhluta húsnæðisins.

Mikilvægt: Nota náttúrulega loftræstingu og halda áfram að skima aðstæður. Ræða um aðstæður á næsta vinnuverndarfundum starfsmanna.

-Áhættuþættir við langvarandi setu og tölvuvinnu.

Mikilvægt: Starfsmenn skulu standa reglulega upp frá störfum sínum og breyta vinnuaðstæðum eins og þörf er á. Gæta skal að stólar, vinnuborð, tölva og önnur vinnuaðstaða sé í hentugri gerð og stillingar séu eins og hverjum starfsmanni hentar best. Hlíta skal ráðgjöf Vinnueftirlits ríkisins og sjúkraþjálfara í þessum efnunum.

-Ferskleiki innilofts á skrifstofum og fundarsal.

Mikilvægt: Nýta vélræna og náttúrulega loftræstingu í húsnæðinu. Hafa þarf í huga sérstakan undirbúning þegar fleiri þátttakendur eru á vinnustað eða félagsaðstöðu til lengri tíma.

-Fundur og námskeið um vinnuumhverfismál.

Mikilvægt: Slíkur fundur hefur verið haldinn markvisst árlega s.l. 3 ár og verða þannig fundir haldnir árlega í nóvember ár hver. Árlega skal Skrifstofa stéttarfélaganna halda námskeið eða hvetja starfsmenn til að sækja námskeið, sem miði að því auka þekkingu starfsmanna á vinnuumhverfismálum.

-Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður.


Mikilvægt: Á síðasta fundi starfsmanna um vinnuumhverfismál, í nóvember 2014, var Ágúst Sigurður Óskarsson kt. 260566-3509, virki@framsyn.is, kjörinn öryggistrúnaðarmaður. Aðalsteinn Árni Baldursson kt. 111160-2609, kuti@framsyn.is, er öryggisvörður að hálfu vinnuveitanda, Skrifstofu stéttarfélaganna.

-Eftirlit Vinnueftirlits ríkisins.

Mikilvægt: Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins eru velkomnir í heimsókn til fræðslu eða skimunar á vinnuumhverfi starfsmanna Skrifstofu stéttarfélaganna. Gögn sem þeir kunna að láta í té skulu ávallt vera öllum starfsmönnum aðgengileg, nema sérstakar aðstæður hamli.

Ef frekari upplýsinga eða skýringa er þörf, þá vinsamlega hafið samband við undirritaða eða aðra starfsmenn Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.

Kærar kveðjur!



Ágúst Sigurður Óskarsson
Öryggistrúnaðarmaður



Aðalsteinn Árni Baldursson
Öryggisvörður

Hjálagt:

Gátlisti til að kanna vinnuumhverfið, dags. 29.12.2014

Gátlisti til að kanna vinnuumhverfið

Dags. 29.12.2014

	Já	Nei
<u>Almennar spurningar:</u>		
Fá nýráðnir skipulega tilsögn og þjálfun?	X	
Er þess gætt að börn og unglingar vinni störf við hæfi?	X	
Eru umferða- og gönguleiðir um vinnustaðinn greiðar og öruggar?	X	
Er umgengni og ræsting í lagi?	X	
Eru persónuhlífar notaðar þegar við á?	X	
Er skyndihjálparbúnaður tiltækur á vinnustaðnum?	X	
Eru vinnuslys skráð og tilkynnt?	X	
<u>Umhverfisþættir:</u>		
Er dregið úr hávaða eins og kostur er?	X	
Er hæfileg birta og lýsing á vinnusvæðum?	X	
Er hæfilegt hitastig á vinnustaðnum?	X	
Eru loftskipti góð?	X	
<u>Hreyfi og stoðkerfi:</u>		
Hafa starfsmenn nægilegt rými til að athafna sig við verkin?	X	
Er möguleiki á fjölbreytni í vinnustellingum á verkstöðvunum?		X
Er starfsfólk meðvitað um rétta líkamsbeitingu og hæfilega þyngd byrða?	X	
Eru léttitæki tiltæk á vinnustaðnum?	X	
<u>Félagslegur og andlegur aðbúnaður:</u>		
Er vinnutími starfsmanna hæfilega langur?	X	
Eru gerðar hæfilegar kröfur til starfsmanna?	X	
Eru verkefni starfsfólks fjölbreytt?	X	
Eru upplýsingaflæði og samskipti eins og best verður á kosið?	X	
<u>Efnanothkun:</u>		
Hefur varasömum efnum verið skipt út fyrir hættuminni efni?	X	
Hefur starfsmönnum verið kennt að umgangast varasöm efni?	X	
Eru öryggisblöð fyrir hættumerkt efni aðgengileg starfsmönnum?	X	
Eru varasöm efni geymd og fargað á réttan hátt?	X	
<u>Vélar og tæki:</u>		
Eru vinnuvélar skoðaðar og í lagi?	X	
Eru hlífar yfir öllum vélarhlutum sem hreyfast?	X	
Eru mengandi vélar með afsog eða í afmörkuðum rýmum?	X	

Annað:

Næstu verkefni í vinnuumhverfismálum:

- Starfsmannafundur um vinnuumhverfismál nóvember 2014.
 - Yfirfara áhættumat frá 30.12.2014.
- Námskeið/kynningar til að auka þekkingu á vinnuumhverfismálum á árinu 2015.